

Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri

Mái-júlí

Verkefni í vinnslu:

- Skjalageymsla, þökkun og skil til skjalavörslu. Skönnun samninga og vistun í skjalakerfi. Við höfum skannað flesta virka samninga í One system skjalakerfið sem einfaldar allt utanumhald. Erum þó enn að tileinka okkur vinnulagið við það
- Ársuppgjör, leiðréttingar og afstemmingar 2020. Ársreikningur samþykktur á fundi í júní og vinnu við uppgjör og endurskoðun lauk um miðjan maí.
- Gagnaskil til KPMG v. ársreiknings og endurskoðunarvinnu. Þessari vinnu lauk að mestu um miðjan maí þegar fyrri umræða var haldin.
- Færsla bókhalds og útsendingar til forstöðumanna. Bókhald er fært út júní og forstöðumenn hafa fengið stöðu senda.
- Endanleg skil á útfærslum á styttingu vinnuvikunnar. Ekki lokið enn. Erfitt er að vinna þessar útfærslur í skólastofnunum og lítið tími í svona vinnu. Ég hef skilað útfærslum vegna skrifstofu og áhaldahúss. Ekki hefur enn verið kallað eftir útfærslum vaktavinnufólks í sundlaug en ég vann vaktaskýrslur sumarsins með styttinguna í huga og hef sent það til skoðunar hjá Sambandi sveitarfélaga.
- Nýr heimabanki Sparisjóðsins, breytingar í kerfum vegna þess og endalaus samskipti við starfsmenn Sparisjóðsins vegna uppsetningar, villna og erfiðleika með notkun. Uppsetning bankans er ekki ásættanleg og skyndileg lokun án viðvarana á eldri heimabanka er óásættanleg. Ekki er ennþá hægt að senda launaseðla rafrænt og fleira. Til að auðvelda greiðslu reikninga nýti ég heimabanka okkar í Arion. Þetta hefur lítið breytst. Nýr heimabanki lokar á aðganga í gegnum starfsskilríki annara stofnana sem við erum að vinna með þ.e. Sorpsamlag og Hornsteina. Ekki er hægt enn að senda launaseðla og allar greiðsluleiðir gegnum Sparisjóðinn eru erfiðar í vinnslu og erfitt að sjá villur og því illa treystandi. Þetta hefur verið mikið álag á starfsmenn Sparisjóðsins sem eiga þó heiður skilið fyrir þolinmæðina. En núna er komið fram í júlí og heimabankinn ekki enn að virka sem skyldi. Við nýtum heimabanka Arionbanka til að greiða reikninga að miklu leiti til að létta okkur vinnuna.
- Viðbrögð við breytingum á starfsmannahaldi. Ýmsilegt hefur bæst á verkefnalistann vegna breytinga á starfsmannahaldi og veikinda annara starfsmanna en meira jafnvægi komst á þegar líða fór á júní.
- Samskipti daglega við sveitarstjórn til að upplýsa um stöðu verkefna og dagleg samskipti við starfsmenn, viðskiptavini og þjónustuþega. Frá byrjun maí og vel fram í júní voru samskipti í daglegum tölvupóstum en um leið og meira jafnvægi komst á fækkaði póstum.
- Fundir með forstöðumönnum vegna breytinga og skipulags. Enginn forstöðumannafundur var haldinn í júní og næsti fundur væntanlega ekki fyrr en í september.
- Sumarstarfsmenn, móttaka, samningar og utanumhald með öðrum forstöðumönnum.

Venjubundin verkefni á mínu borði og unnin eru dag, viku og eða mánaðarlega.

- Svörun fyrirspurna, upplýsingar til sveitarstjórnar og afgreiðsla mála sem tilheyra sveitarstjóra í samvinnu við sveitarstjórn.
- Afstemmingar launa og bókhalds og launatengdra gjalda. Launamiðum launþega skilað í janúar.
- Afstemmingar lánadrottna og verktakamiðum skilað í janúar/febrúar.
- Færsla innborgana og útgjalda og afstemmingar bankareikninga mánaðarlega.
- Afstemmingar og leiðréttingar á deildum ef þarf.
- Skil á aðalbók mánaðarlega til deildarstjóra, upplýsingagjöf og samskipti við þá.
- Vsk. uppgjör á tveggja mánaða fresti, afstemmingar og leiðréttingar.
- Samskipti og skil við stofnanir t.a.m Fjársýslu, Hagstofu, Skattstjóra og innheimtumenn ríkissjóðs.
- Uppgjör, ársreikningur og endurskoðunarvinna. Árlega í jan-maí.
- Launavinnsla og móttaka vinnuskýrslna og úrvinnsla þeirra. Greiðsla launa síðasta dag mánaðar.
- Upplýsingagjöf til íbúa, viðskiptavina, launþega og annara sem til okkar leita.

Ég verð í sumarleyfi eins og hægt er frá 19. júlí og til 3.september en skoða póst reglulega og sinni því sem nauðsynlega þarf og sé um launavinnslu.

Íþróttamiðstöð og Tjaldsvæði

Hrafnhildur Skúladóttir

Verkefni í vinnslu:

- Beðið eftir nýjum varmaskipti fyrir pott 1. Var ónýtur. Þarf að skipta um.
- Bráðabirgðaflísaviðgerð á pottum. Verður aldrei almennilegt fyrr en öll flísalögnin verður endurnýjuð.
- Flæðisvandamál potta óleyst. Rafvirki, pípari og söluaðilar búnaðar hafa ekki getað fengið botn í af hverju flæðinemar virka ekki í pottunum sem þýðir að handstýra þarf vatnsmagni pottanna. Sem hefur áhrif á hita.
- Lekavandamál úr sturtum fram á gang óleyst.

Verkefnum lokið:

- Mönnun sumarstarfsfólks lokið
- Sundprófum og skyndihjálparnámskeið allra starfsmanna
- Búið að klára gler í afgreiðslu
- Gistináttaskýrslum síðan í apríl hefur verið skilað til Hagstofunnar
- Búið að yfirfara eitthvað af skráningarupplýsingum á netmiðlum. Ekki lokið.
- Endurbótaáætlun með sundurliðuðum kostnaðarliðum unnin fyrir Ráðrík. Unnin eftir bestu vitund upp úr úttekt og kostnaðaráætlun frá Gísla Gunnlaugssyni fv. byggingarfulltrúa Strandabyggðar, dags. 8. nóvember 2018, samantekt fyrir fjárhagsáætlun, dags. 18. desember 2019 og viðhaldsskýrslu sendri sveitarstjórn Strandabyggjar 2. nóvember 2020. Hluti þessara verkefna hafði verið samþykktur en hefur verið frestað.

Heildarendurbótapörf í Íþróttamiðstöð og á Tjaldsvæði hljóðar upp á rúmar 28 milljónir.

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Tómsfundasvið

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Esther Ösp

Tímabil: 1.- 30. júní

1. Verkefni í undirbúningi:

- Frístundadagskrá komandi vetrar
- Samstarf nágrannafélagsmiðstöðva næsta ár
- Ráðning starfsfólks og ráðstöfun rýmis
- Rukkanir fyrir sumarstarf
- Sumarnámskeið, síðari lota
- Vegglistaverk

2. Verkefni í vinnslu:

- Vinnuskóli Strandabyggðar

- Frágangur, skipulag o.fl. fyrir sumarfrí

3. Verkefnum lokið:

- Sumarnámskeið
- Hamingjudagar 25.-27. júní, dagskrá og veðurvarin dagskrá
- Vinnuskóli, skipulag, undirbúningur, handleiðsla, tímar o.fl.

4. Annað;

Ég stefni að því að vera að mestu leiti í sumarfríi júlí. Uppsafnað vaktafri er þó meira en svo að ég geti lokið öllu fríinu mínu áður en ég þarf að koma aftur til starfa til að undirbúa haust- og vetrarstarfið.

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Tómsfundasvið

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Esther Ösp

Tímabil: 1.- 31. maí

1. Verkefni í undirbúningi:

- Sumardagskrá Ozon

2. Verkefni í vinnslu:

- Námsmat og skólalok, frágangur og skýrslur
- Hamingjudagar 25.-27. júní
- Sumarnámskeið, kynningar, skipulag og skráning
- Vinnuskóli, skipulag og undirbúningur
- Handbók vinnuskóla
(https://docs.google.com/document/d/1TSZU2ltxol_ZvTw2aJMk3wmCP90luZh_Yw3fzuWZMg/edit?usp=sharing)

3. Verkefnum lokið:

- a. Fæðingarorlof í lok apríl til loka maí

